



**458. fundur  
haldinn í bæjarráðssal,  
fimmtudaginn 18. febrúar 2010 og hófst hann kl. 17.00**

**Fundinn sátu:** Elísabet Lára Björgvinsdóttir formaður, Gretar D. Pálsson, Lárus Á. Hannesson, Erla Friðriksdóttir bæjarstjóri og Þór Örn Jónsson bæjarritari.

**Fundargerð ritaði:** Þór Örn Jónsson bæjarritari.

Elísabet Lára Björgvinsdóttir formaður setti fund og fól Erla Friðriksdóttur bæjarstjóra fundarstjórn.

**Fundargerðir nefnda.**

**1. 1002021 - Fundargerð Fræðslunefndar dags. 9.2.2010.**

Fundargerð framlögð, **liður 2.1.** um sumarlokun Leikskólans, samþykkt að sumarlokun verði fimm vikur þ.e. 24 virkir dagar. Fundargerð samþykkt.

**2. 1002027 - Fundargerð Þjónustuhóps aldraðra, dags. 11.2.2010 (66. fundur).**

Fundargerð framlögð og samþykkt. Taka skal það fram að félagsstarf fyrir aldraðra var tvisar í viku s.l. sumar og er fyrirhugað að halda því áfram.

**3. 1002032 - Fundargerð Landbúnaðarnefndar Stykkishólmsbæjar, dags. 3.2.2010.**

Fundargerð framlögð. Fyrir var tekið erindi MAST varðandi breytingu á sauðfjárvarnalínu á Breiðafyrði, þannig að Bjarneyjar tilheyri Snæfellsneshólfi. Miðað við fyrirbyggjandi gögn og að vandlega athuguðu máli sér nefndin ekki ástæðu til að leggja gegn því. **Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.** Fundargerð samþykkt.

**4. 1002031 - Fundargerð Skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms, dags. 2.2.2010.**

Fundargerð framlögð og samþykkt.

**5. 1002022 - Fundargerð Skipulags- og byggingarnefndar, dags. 15.2.2010.**

Fundargerð framlögð.

**Liður 2** Smiðjustígur 2a, byggingarleyfi, ofanábygging.

Guðmundur Jón Sigurðsson kt. 060672 4239 sækir um að byggja ofan á íbúðarhúsið við Smiðjustíg nr.2 a, sbr. teikningar frá Hjörleifi Sigurþórssyni/ Brynjari Davíðssyni dags. 10.01.10. Samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóðar liggur fyrir.

Nefndin samþykkir að grenndarkynna byggingarleyfisumsókn samkvæmt 7. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, fyrir eigendum eftirtalinna húsa: Austurgötu nr. 1, 3, 5, 6, 7 og 9 og fyrir Smiðjustíg nr. 2 og 3.

**Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**

**Liður 3** Hesthúsabyggð, reiðskemmu.

Sæþór Þorbergsson og Lárus Ástmar Hannesson sækja um f.h. Hesteigendafélags Stykkishólms að staðsetja reiðskemmu suðaustan við æfingasvæði félagsins sbr. myndir og bréf dags. 13.02.2010.

Nefndin samþykkir að kynna erindið fyrir eigendum Hjallatanga nr. 11 og 34 og Móholts nr. 6, 8 og 10.

**Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt. Lárus sat hjá vegna tengsla.**



**Liður 4** Aðalgata 5, breyta íbúð í skrifstofuhúsnæði.

Davíð Kr. Pitt sækir um f.h. Marz sjávarafurðir ehf, að breyta íbúðarhúsnæði á efri hæð hússins við Aðalgötu 5 (gamla pósthúsið), í skrifstofuhúsnæði sbr. teikningar dags. 12.02.2010.

Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.

**Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**

**Liður 5** Hafnargata, umferðarmál.

Lagður fram tölvupóstur frá Ólafi Guðmundssyni dags. 27.01.2010 um að bannað verði að leggja ökutækjum í Hafnargötu.

Nefndin leggur til að bannað verði að stöðva og leggja við Hafnargötu.

**Bæjarráð samþykkir að bannað verði að leggja bifreiðum beggja megin við Hafnargötu frá Skólastíg að Aðalgötu.**

**Liður 7** framkvæmdaleyfi OR vegna hita- og vatnsveitulagna.

Indriði Indriðason sækir um f.h. Orkuveitu Reykjavíkur framkvæmdaleyfi til að leggja heita- og kaldavatnslagnir milli Hjallatanga og Hamraenda eftir reiðstíg, sbr. yfirlitsmynd dags. 12.02.2010. Framkvæmdatími er áætlaður á árinu 2010.

Erindi samþykkt. Helgi sat hjá vegna tengsla undir lið nr. 7.

**Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**

**Fundargerð samþykkt.**

**Aðrar fundargerðir.**

**6. 1002009 - Fundargerð SSV, dags. 3.2. 2010 varðandi stjórnarfund haldinn í stjórn SSV.**

Framlagt.

**7. 1002028 - Fundargerð verkefnisstjórn um málefni fatlaðra, dags. 22.1.2010.**

Framlagt.

**8. 1002037 - Fundargerð Breiðafjarðarnefndar dags. 10.2.2010.**

Framlagt.

**Erindi til kynningar.**

**9. 1002020 - Tölvupóstur dags. 09.02.2009 um kynningu á umferðaöryggisáætlun.**

Framlagt.

**10. 1002010 - Bréf, dags. 2.2. 2010. Frá Eldstoðum varðandi slökkvibifreið.**

Framlagt.

**11. 1002003 - Bréf og auglýsing Ungmennafélags Íslands, dags. 28.01.2010 varðandi undirbúning og framkvæmd 15. Unglingalandsmóts UMFÍ árið 2012.**

Framlagt.

**12. 1001037 - Bréf, dags. 21.1. 2010 varðandi uppgjör framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitafélaga á árinu 2009.**

Framlagt.



- 13. 1001034 - Bréf, dags. 5.1. 2010 varðandi endurskoðun hjá Stykkishólmsbæ og fyrirtækjum bæjarins.**  
Framlagt.
- 14. 1001027 - Bréf HSH dags.15.1.2010 varðandi héraðsþing sem haldið verður í Grunnskóla Stykkishólms Miðvikudaginn 10. febrúar kl 18:00.**  
Framlagt.
- 15. 1002029 - Bréf dags. 12.2.2010. varðandi yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitafélaga.**  
Framlagt.
- 16. 1002035 - Bréf dags. 5.2. 2010, varðandi auglýsingu um þjóðaratkvæðisgreiðslu.**  
Framlagt.
- 17. 1002039 - Fréttabréfið Hólminn um starfsemi Háskólaseturs Snæfellsness.**  
Framlagt.

#### **Erindi til afgreiðslu/umsagnir.**

- 18. 1002019 - Frumkvöðull Vesturlands 2009.**  
Samþykkt að tilnefna Íslenska Bláskel ehf. fyrir frumkvöðlastarf í ræktun á bláskel í Breiðafirði og vinnslu á beltisþara.
- 19. 1002015 - Byggðakvóti fiskveiðiársins 2009/2010.**  
Framlagt.

Bæjarráð Stykkishólmsbæjar mótmælir áframhaldandi lækkun hámarks byggðakvóta úr 210 tonnum í 150 tonn sbr. 4. gr. B í reglugerð sjávarútvegssráðuneytis um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga.

Á síðasta ári var byggðakvóti skertur vegna strandveiða og hámark lækkað úr 210 í 150 tonn. Byggðakvóti hefur verið aukinn að nýju, en hámarkið er enn óbreytt. Áhrif þessa eru veruleg í Stykkishólmi. Þessi skerðing um 60 tonn í hámarki þýða 120 tonn í löndun og vinnslu vegna ákvæða um tvöföldun í reglugerð.

Strandveiðar geta haft jákvæð áhrif, en eins og þær voru settar upp á síðasta ári þá höfðu þær neikvæð áhrif í Stykkishólmi hvað varðar löndun og vinnslu vegna áhrifa skerðingar byggðakvóta vegna strandveiðanna. Nú er sýnt að þessi áhrif verði varanleg þar sem hámarkið verður aftur 150 tonn í stað 210 tonna áður. Þrátt fyrir aukningu byggðakvóta.

Landaður afli strandveiða var um 97 tonn í Stykkishólmi á síðasta ári, lítið sem ekkert af þeim afla var unnin í Stykkishólmi. Þetta er 23 tonnum minni landaður afli en ef byggðakvóti hefði ekki verið skertur og 120 tonnum minna af unnum afla. Áætla má að þetta sé um einn mánuður í vinnslu á staðnum sem er um 10% skerðing.

Stykkishólmsbær hefur fengið úthlutað samkvæmt b-lið reglugerðarinnar vegna hruns skeljastofnsins. Útgerðirnar sem stunduðu skelveiðar á viðmiðunartímanum hafa fengið úthlutað vegna þessa einnig, en það fer minnkandi á hverju ári vegna þess að inn í viðmiðunarárin eru komin ár sem engin skelveiði var vegna hruns.

Bæjarráð Stykkishólmsbæjar skorar á sjávarútvegssráðherra að hækka hámarkið að nýju í 210 tonn.

Lárus sat hjá í þessum lið.



**20. 1002013 – Bréf Sjávarútvegsráðuneytis, dags. 31.1. 2010 varðandi úthlutun byggðarkvóta og niðurstöðu þess.**

Byggðakvótanum er úthlutað sbr. 4. gr. B. reglugerðar nr. 83/2010, þ.e. úthlutun vegna samdráttar í vinnslu á skel. Einungis þeir aðilar sem orðið hafa fyrir þessum samdrætti verði úthlutað hlutdeild í byggðakvótanum. Það eru bátar þeirra útgerða sem eiga aflahlutdeild í hörpuskel í Breiðafirði þann 1. september 2009 og stunduðu skelveiðar í Breiðafirði á tveimur síðustu skelvertíðum og aðilar sem keypt hafa báta eða útgerðir sem orðið hafa fyrir þessum samdrætti og stunduðu skelveiðar í Breiðafirði á tveimur síðustu skelvertíðum. Byggðakvóta verði úthlutað í hlutfalli við aflahlutdeild í hörpuskel í Breiðafirði þann 1. september 2009.

Lárus sat hjá.

**21. 1002011 – Bréf Lánasjóðs sveitarfélaga, dags. 24.1. 2010 varðandi ósk eftir heimild frá sveitastjórn fyrir því að lánasjóður birti upplýsingar um stöðu lána sveitafélagsins hjá sjóðnum.**

Erindi samþykkt.

**22. 1002006 - Fjárhagsáætlun Menningarráðs Vesturlands 2010 og menningarsamningur 2010.**

Fjárhagsáætlun og menningarsamningur framlögð og samþykkt.

**23. 1001038 - Tölvupóstur, dags. 27.1. 2010 frá siglingadeild Snæfells varðandi beiðni um niðurfellingu ársgjalds af geymslusvæði í Heljarmýri árið 2010 verði fellt niður.**

Samþykkt að styrkja Siglingadeild Snæfells vegna leigugjalds í Heljarmýri fyrir árið 2010.

**24. 1001036 - Bréf, dags. 25.1. 2010 varðandi beiðni um fjárstuðning sveitafélagsins við forvarnastarf SAMAN-hópsins á árinu 2010.**

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við erindinu.

**25. 1001035 - Kostnaðaráætlun NSV vegna verkstjórnar við verkefnið ágengar plöntur.**

Bæjarstjóra falið að ganga til samninga við NSV á grundvelli kostnaðaráætlunar.

**26. 1001033 - Bréf, Kvenfélagsins Hringingsins varðandi beiðni um niðurfellingu fasteignagjalda, dags. jan. 2010.**

Samþykkt að veita Kvenfélaginu Hringnum styrk sem nemur fasteignagjöldum vegna Aðalgötu 24 fyrir árið 2010. Kvenfélaginu Hringnum er bent á Orkuveitu Reykjavíkur varðandi niðurfellingu á vatnsgjaldi.

**27. 1001031 - Bréf Norska hússins, dags. 12.1.2010. varðandi áætlanir um dagskrá næsta árs. Ásamt ósk um styrk vegna fasteignagjalda.**

Samþykkt að veita Norska húsinu styrk að upphæð 400.000 kr. vegna sumardagskrá samkvæmt fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2010.

Samþykkt að veita Norska húsinu styrk sem nemur fasteignagjöldum vegna Hafnargötu 5 og Reitaveg 3 fyrir árið 2010. Norska húsinu er bent á Orkuveitu Reykjavíkur varðandi niðurfellingu á vatnsgjaldi.

**28. 1002024 - Uppbygging á þjónustu og búsetuúrræðum fyrir aldraða og fatlaða í Stykkishólmsbæ - skýrsla febrúar 2010.**

Skýrsla framlögð og vinnuhópnum þökkuð vel unnin störf. Samþykkt að taka tillögurnar til gaumgæfilegrar athugunar.



**29. 1002026 – Bréf SSV dags.10.2.2010. varðandi eflingu sveitastjórnarstigsins-sameiningarmál.**

Bæjarráð staðfestir þátttöku Stykkishólmsbæjar í verkefninu. Samþykkt að tilnefna Erlu Friðriksdóttur bæjarstjóra í vinnuhóp um sameiningarmál sveitarfélaga á Vesturlandi.

**30. 1002030 - Bréf dags. 15.2.2010, frá Lionsklúbb Stykkishólms varðandi styrk sem nemur fasteignargjöldum á Aðalgötu 4a, fyrir árið 2010.**

Samþykkt að veita Lionsklúbbsi Stykkishólms styrk sem nemur fasteignagjöldum vegna Aðalgötu 4a fyrir árið 2010. Lionsklúbbsi Stykkishólms er bent á Orkuveitu Reykjavíkur varðandi niðurfellingu á vatnsgjaldi.

**31. 1002034 - Bréf dags. 15.2.2010, frá Golfklúbbinum Mostra varðandi beiðni um styrk vegna fasteignagjalda árið 2010.**

Samþykkt að veita Golfklúbbnum Mostra styrk sem nemur fasteignagjöldum vegna Aðalgötu 29 fyrir árið 2010. Golfklúbbnum Mostra er bent á Orkuveitu Reykjavíkur varðandi niðurfellingu á vatnsgjaldi.

**32. 1002033 - Bréf dags. 15.2.2010. frá Golfklúbbinum Mostra varðandi rekstur upplýsingamiðstöðvar í Stykkishólmi.**

Samþykkt að ræða við Golfklúbbinn Mostra, jafnframt samþykkt að leita umsagnar hjá Eflingu Stykkishólms og atvinnumálanefnd.

**33. 1002036 - Listi yfir óinnheimtanlegar skuldir viðskiptamanna.**

Samþykkt að afskrifa þessar skuldir.

**34. 0902025 - Stefna Jóhönnu Jónu Guðbrandsdóttur á hendur Stykkishólmsbæ.**

Samþykkt að vísa ákvörðun um áfríun til bæjarstjórnar.

**Samningar/tilboð.**

**35. 1002008 - Drög að samningi um verkfræðihönnun á tónlistarskóla við Borgarbraut.**

Bæjarstjóra falið að ganga til samninga á grundvelli draga að samningi.

**36. 1001032 - Golfklúbburinn Mostri leigusamningur 2010.**

Samningur framlagður og samþykktur.

**37. 1002040 - Samningur um gagnkvæma aðstoð slökkviliða á Vesturlandi.**

Samningur framlagður og samþykktur.

**Annað.**

**38. 1002014 - Bráðabrigðauppgjör Stykkishólmsbæjar jan.-des.2009.**

Framlagt og Þór Örn bæjarritari gerði grein fyrir bráðabrigðauppgjöri Stykkishólmsbæjar árið 2009.

**39. 1002041 - Bréf Hesteigendafélags Stykkishólms, dags 15.2.2010. varðandi styrkveitingu til reiðskemmubyggingar.**

Erindinu frestað.

**40. Bæjarstjóri gerði grein fyrir verðtilboðum í deiliskipulagsvinnu í Nýrækt.**

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:55

Þór Örn Jónsson